

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

116. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 5. desember 2012 kl. 11:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

## Dagskrá:

1. Viðræður við Þorstein Ólafsson starfsmann Matvælastofnunar.
2. Upplýsingar um refa- og minkaveiði ársins 2012.
3. Önnur mál.

## Afgreiðslur:

1. Þorsteinn Ólafsson, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun er mættur til viðræðna við landbúnaðarráð. Auk Þorsteins eru Konráð P. Jónsson Þormóður Heimisson, fulltrúar fjallskiladeilda Vesturhóps og Vatnsness mættir til fundarins. Farið yfir fjölmörg atriði er varðar viðhald varnargirðinga m.a. viðhald varnargirðingar milli Vatnsness og Vesturhóps. Þá var einnig rætt um búfjárjúkdóma, framkvæmd garnaveikibólusetningar og skilgreiningu sýktra svæða og ákvæði reglugerða og annarra viðmiða Matvælastofnunar þar um. Landbúnaðarráð ítrekar fyrri samþykktir sínar um nauðsyn viðhalds varnargirðinga og beinir þeirri áskorun til stjórnvalda að fjárveitingar til viðhalds búfjárvarnargirðinga verði aukið verulega á árinu 2013.

2. Umfjöllun um refa- minkaveiði ársins 2012 frestað til næsta fundar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:40

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir(sign.),  
Jóhann Ragnarsson(sign.),  
Agnar Jónsson(sign.),  
Þorsteinn Helgason(sign.).

Skúli Þórðarson(sign.),  
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.),  
Þórarinn Óli Rafnsson(sign.).